

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



Dags eftirlits	26.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Seyðisfirði	Eftirlitsmaður	Leifur Þorkelsson
Heimili	Strandarvegi 1 - 11	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733858,42 539323,093

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi komu í ljós. Ryk í útblæstri er yfir starfsleyfismörkum og lofthraði útblásturslofts er lægri en þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi. Engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins, Gunnari Sverrissyni verksmiðjustjóra. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Eitt frávik kom fram í eftirlitsskýrslu sem unnin var í kjölfar síðustu eftirlitsheimsóknar þann 21. nóvember 2016, hraði útblásturslofts frá skorsteinum var undir starfsleyfismörkum. Frestur til að skila greinargerð varðandi frávik sem snéri að ryki frá olíubrennum hafði verið veittur til 31. janúar 2017.

Félag Íslenskra fiskimjölsframleiðanda hefur sent Umhverfisstofnun greinargerð þar sem sjónarmið þeirra koma fram og stungið uppá nýrri aðferð til að takmarka ryk í útblæstri en stofnunin hefur ekki tekið afstöðu til þess enn. Mælingar á ryki í útblæstri og lofthraða hafa ekki verið endurteknaðar.

Ein kvörtun hefur borist vegna starfseminnar frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt, í júlí kvartaði íbúi á Seyðisfirði vegna reyks frá verksmiðjunni, sem í bland við reyk frá skemmtiferðaskipum lá yfir Seyðisfirði. Skoðaðar voru myndir sem fylgdu kvörtuninni, að mati verksmiðjustjóra má rekja eitthvað af þeim reyk sem á myndinni sést til annarrar starfsemi við höfnina en einnig að reykur frá verksmiðjunni sé greinilegur. Um sé ræða svokallaða blámóðu sem fylgir bruna á olíu, þetta sé ekki óalgengt á björtum og lygnum sumardögum þegar lítil hreyfing er á loftinu.

Það sem af er ári hafði verksmiðjan tekið á móti u.þ.b. 57.000 tonnum af hráefni. Eins og undanfarin ár er starfsemin bundin við vinnslu á loðnu og kolmunna.

Farið var yfir starfsleyfi verksmiðjunnar sem var gefið út í október 2014 og samkvæmt því er verksmiðjunni heimilt að vinna úr 1.400 tonnum af hráefni á sólarhring. Farið var yfir eftirlitsmælingar sem gerð er krafa um í grein 3.2. TVN er mælt reglulega og niðurstöður sendar eftirlitsaðila. Í einu tilfelli mældist TVN í kolmunnafarmi úr erlendu skipi yfir starfsleyfismörkum og var eftirlitsaðila tilkynnt um atvikið. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2016 hefur verið skilað í samræmi við grein 3.3.

Sýnatökur á fráveituvatni fara fram reglulega, síðast á kolmunnavertíð í maí sl. Þá mældust öll efni (fita, COD og svifagnir) innan þeirra marka sem tilgreind eru í grein 2.17 í starfsleyfi. Magn svifagna í sýninu mældist 298 g/hráefnistonn sem nálægt losunarmörkum sem eru 300 g/hráefnistonn.

Skýrslu um heildarlosun á mengandi efnum frá verksmiðjunni í samræmi við grein 5.2. var unnin í febrúar sl. Við úttektina voru teknar saman niðurstöður úr fráveitusýnum frá loðnuvertíð 2015 og kolmunnavertíð 2016. Skv. skýrslunni er losun mengandi efna undir starfsleyfismörkum. Áberandi munur er á magni svifagna í fráveituvatni eftir hráefni í vinnslu. Þannig mældust 23 g/hráefnistonn á loðnuvertíð en 273 g/hráefnistonn á kolmunnavertíð.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Vinnsla lá niðri en unnið var að almennu viðhaldi í verksmiðju og mjölskemmu þar sem áfram er unnið við að skipta um klæðningu. Verksmiðjan og athafnasvæði var skoðað án athugasemda.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.13 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Hraði útblásturslofts frá skorsteini mældist undir starfsleyfismörkum skv. skýrslu frá Verkís í júní 2015. Mælingin hefur ekki verið endurtekin.

ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi

Ryk í útblæstri frá olíubrennurum mældist yfir mörkum skv. skýrslu Verkís í júní 2015. Mælingin hefur ekki verið endurtekin.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

17.11.2017

Gottskálk Friðgeirsson